

fangelsi við vatn og brauð. — Í máli þessu gerir Eiríkur Sæmundsson fyrir hönd sonar síns, Halldórs Guðlaugs Elíasar, skaðabótakröfu, samanber lögregluréttarskjal 2. Þar eð Elís hefir misst að nokkru afnot af ám sínum þetta ár, að minnsta kosti eitt lambið, og hinsvegar samkvæmt framan-sögðu líklegt, að sökunautur sé að því valdur, verður að dæma hann til að bæta Elísi tjónið. Með tilliti til fyrirhafnar Elíasar vegna málsins, ákveðast skaðabæturnar kr. 40,00. Svo ber og sökunaut að greiða allan löglegan kostnað af máli þessu. Með því að hinn skipaði talsmaður ákærða hefir tekið það fram í vörninni, að hann krefjist ekki málsvarnarlauna, þá verður honum ekki dæmd þau. Það vottast, samkv. tilsk. 3. júní 1796, 35. gr., að á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið og að rekstur málsins hefir verið vitalaus.

=====  
Mánudaginn 24. nóv. 1930.

Nr. 50/1939. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)  
gegn  
**Magnúsi Magnússyni**  
(Sveinbjörn Jónsson).

Ölvun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 5. maí 1930: Kærður, Magnús Magnússon, greiði 70 króna sekt til ríkissjóðs, er aflánist með 5 daga einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur hæstaréttar.

Með eigin játningu kærða og öðrum gögnum er það sannað, að kærði hefir verið ölvaður á almannafæri, og hefir hann þar með gerzt brotlegur gegn 16. gr. laga nr. 64 frá 7. maí 1928, sbr. nú lög nr. 64/1930, og með tilliti til þess, að hann hefir áður gerzt brot-



þess að fyrirbyggja, að hann fremdi tjón á mönnum og munum, þá fluttu lögregluþjónarnir kærðan í varðhald, afhentu fangaverðinum til geymslu.

Kærður hefir játað, að hann hafi verið mikið ölvaður og slangrað eftir götunni, er lögregluþjónarnir hittu hann.

Vitnið, Jakob Björnsson lögregluþjónn, hefir borið fyrir réttinum, að er lögregluþjónarnir hittu kærðan í áðurnefnt skifti, hafi hann verið áberandi ölvaður, og hafi það komið fram í því, að hann hafi slagað eftir götunni, dropið höfði, svo hafi og heyrzt mikið á mæli hans, er þeir töluðu við hann.

Það verður því að teljast sannað, að kærður hafi verið ölvaður á almannafæri og brotið gegn ákvæðum 16. gr. áfengislaganna, nr. 64, frá 1928, og þykir hegning sú, er hann hefir tilunnið, eftir 36. gr. þeirra laga, með tilliti til þess, að kærður hefir áður gerzt brotlegur við sömu grein, og undirgengizt með sætt í lögreglurétti Reykjavíkur hinn 8. október 1929 að greiða 50 króna sekt fyrir brot á henni, hæfilega ákveðin 70 króna sekt, er renni í rikissjóð, og afplánist með 5 daga ein-einföldu fangelsi, verði hún ekki greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 26. nóv. 1930.

Nr. 51/1930.

### Valdstjórnin

(Magnús Guðmundsson)

gegn

**James M. Richardson**

(Lárus Fjeldsted).

Veidarfæri í ólagi.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 6. apríl 1930: Kærði, James H. Richardson, á innan fjöggra vikna að greiða 3000 kr. sekt, og renna í Landhelgissjóð Íslands kr. 2500 af henni, en 500,00 kr. í rikissjóð.

Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.